

Þriðjudaginn 14. mars 1989.

Nr. 217/1988. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Gunnlaugi Jóni Ólafi Magnússyni

(Ingvar Björnsson hdl.).

Brenna. Aðfinnslur. Skaðabætur. Mat. Skoðun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júní 1988 að ósk ákærða og jafnframt af ákærvaldsins hálfu til refsíþyngingar.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

I.

Rannsókn máls þessa var ýmsum annmörkum háð og er nokkurra þeirra getið í héraðsdómi. Beiðni um tilnefningu sérfróðra skoðunarmanna var ekki sett fram af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins fyrr en 28. september 1987 eða um fjórum og hálfum mánuði eftir brunann. Brunamálastjóri tilnefndi skoðunarmenn, þrátt fyrir það að í 23. gr. laga nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál, sé boðið, að slík tilnefning skuli framkvæmd af stjórn brunamálastofnunar samkvæmt tillögu brunamálastjóra. Umsögn skoðunarmanna var rituð í nóvember 1987 og send Rannsóknarlögreglu ríkisins með bréfi brunamálastjóra 22. desember sama ár. Í umsögninni er byggt á röngum teikningum af Barónsstíg 25 og fram kom einnig við meðferð málsins að einungis annar skoðunarmannanna fór á vettvang. Fór hann ekki inn í húsið og virðist aðeins hafa skoðað framhlið þess. Að öðru leyti sýnist álit skoðunarmannanna byggt á teikningum og ljósmyndum rannsóknarlögreglu.

Þá er og sá galli á rannsókn málsins að slökkviliðsmenn, er á vettvang komu, voru ekki yfirheyrðir um aðkomu og aðstöðu við slökkvistarf. Einnig hefði verið eðlilegt að rannsóknarlögreglan

sýndi með ljósmyndum eða teikningum undankomuleið íbúa efstu hæðar hússins eftir húspökum.

Ofangreindir gallar á rannsókn málsins eru mjög aðfinnsluverðir. Eigi er þó næg ástæða til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm.

II.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms er fallist á sakarmat héraðsdómara og heimfærslu á broti ákærða til refsíákvæða.

Eftir atvikum öllum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi tvö ár, og með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, skal gæsluvarðhaldsvist hans í sjö daga koma henni til frádráttar.

III.

Fébótakrafa Húsatrygginga Reykjavíkurborgar, sem dæmd er í héraðsdómi, var kynnt ákærða hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 19. ágúst 1987 og samþykkti hann kröfuna. Í þinghaldi í sakadómi 16. mars 1988 var ákærða aftur kynnt krafan að viðstöddum skipuðum verjanda sínum og kvaðst hann þá ekki mótmæla upphæð eða sundurliðun hennar. Í málinu liggja fyrir gögn um að Karl Hallbjörnsson, sem er skráður eigandi fasteignarinnar Barónsstígs 25 hjá skráningardeild fasteigna hjá Reykjavíkurborg, hefur tekið við umræddri greiðslu frá Húsatryggingum Reykjavíkurborgar. Að þessu athuguðu verður ákvæði héraðsdóms um skaðabætur staðfest.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar að undanskildu því að kostnaður við hina sérfræðilegu álitsgerð um brunann verður ekki lagður á ákærða.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnlaugur Jón Ólafur Magnússon, sæti fangelsi tvö ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans í sjö daga.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur skal vera óraskað.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest með þeirri breytingu er að framan greinir.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin sak-sóknarlaun, í ríkissjóð, 40.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ingvars Björnssonar héraðsdómslög-manns, 40.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. apríl 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 13. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 215/1988: Ákærvaldið gegn Gunnlaugi Jóni Ólafi Magnússyni, sem tekið var til dóms 22. mars sl.

Málið er höfðað með ákæru, dagsettri 10. febrúar sl., gegn ákærða, Gunnlaugi Jóni Ólafi Magnússyni, fæddum 14. apríl 1966 í Þýskalandi, Laugarásvegi 39 hér í borg, „fyrir brennu, með því að hafa um eða laust eftir miðnætti aðfaranótt miðvikudagsins 13. maí 1987 farið í heimildarleysi inn í kjallaraíbúð í húsinu nr. 25 við Barónsstíg í Reykjavík, sem er íbúðar-hús á tveimur hæðum, kjallari og ris, kveikt þar í bréfi og fleygt því inn í stofu í suðausturhorni íbúðarinnar. Ákærði slökkkti í bréfinu er hann varð var við, að maður lá á tveimur svampdýnum í eldhúsi í norðausturhorni íbúðarinnar og var að vakna af svefni, og fékk manninn til að koma með sér út úr íbúðinni. Hann yfirgaf manninn fljótlega og fór rakleiðis aftur inn í íbúðina og lagði þar eld í nefndar svampdýnur og hraðaði sér síðan á brott eftir að eldur tók að magnast. Ákærði þykir með framangreindum hætti hafa stofnað lífi þeirra, er í húsinu voru, fjögurra fullorðinna og eins barns, sex ára að aldri, í bersýnilegan háska og auk þess valdið augljósri hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, hefði eldurinn náð að breiðast út frekar en orðið var, en hann uppgötvaðist fljótlega af íbúum hússins og var slökktur af slökkviliði Reykjavíkur.

Háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr., 164. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaða-bóta og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Um kl. 00.20 aðfaranótt miðvikudagsins 13. maí sl. var lögreglunni í Reykjavík svo og slökkviliði tilkynnt að eldur væri laus í kjallaraíbúð að Barónsstíg 25 hér í borg.

Á staðinn fóru sex slökkviliðsbifreiðar. Er þær komu á staðinn, logaði eldur í tveimur svampdýnum, sem voru á gólfi undir opnum glugga í kjall-araherbergi. Var talsverður reykur í stigagangi hússins, sem er kjallari og þrjár hæðir. Tveir menn fóru með reykgrímur og tvo háþrýstikúta inn í

kjallarann til að ganga úr skugga um að hann væri mannlau, og reyndist svo vera. Gekk slökkvistarf greiðlega. Vaknaði strax grunur um að um íkveikju hefði verið að ræða.

Einar Karl Kristjánsson lögreglumaður fór á vettvang ásamt lögreglumönnum Sigurði Péturssyni, Alexander G. Alexanderssyni, Sveini Orra Tryggvasyni, Jóni Má Jónssyni og Benedikt Lund. Þá kom skömmu síðar á vettvang Jónas Jón Hallsson rannsóknarlögreglumaður.

Í frumskýrslu Einars Karls, sem hann hefur staðfest fyrir dómnum, kemur fram að við komuna á vettvang hafi þeir lögreglumennirnir reynt að fara niður í kjallarann til að ganga úr skugga um að hann væri mannlau, en sökum reyklar hafi þeir orðið frá að hverfa. Haft var tal af tveimur íbúum hússins á vettvangi, tilkynnanda, Jóni Ásgeiri Sigurbjartssyni, og Brynjólfi Birgi Harðarsyni. Hinn fyrrgreindi skýrði frá því, að hann hefði farið að sofa um miðnætti, en stuttu síðar heyrði hann hvell og fór út á svalir til þess að athuga hvað væri á seyði. Sá hann þá mikinn reyk í porti bak við húsið og gerði sér grein fyrir, að eldur væri laus í húsinu, og hringdi samstundis í lögreglu og slökkvilið. Brynjólfur Birgir Harðarson kvaðst hafa vaknað við einhver læti. Þegar hann hugði nánar að, hvað um væri að vera, sá hann eld stíga snögglega frá bakhlið hússins, en hjaðna strax aftur. Þá varð hann var við mikinn reyk í stigagangi.

Þeir sex lögreglumenn, sem fyrstir komu á staðinn, hafa allir komið fyrir dóminn. Hafa þeir borið að mikill og svartur reykur hafi verið í stigagangi hússins þegar þá bar að. Útidyr voru lokaðar, en ólæstar. Er inn kom, var illmögulegt að draga andann í stigaganginum. Þegar reynt var að fara niður í kjallarann urðu þeir frá að hverfa vegna reykjarins. Tveir lögreglumenn lyftu þeim þriðja, Jóni Má Jónssyni, upp í rennu sem hann klifraði eftir til að komast inn um herbergi á 1. hæð, en þar var opinn gluggi. Þar var inni maður á nærklæðum, sem Jón Már fékk út með sér um stigaganginn. Taldi sá maður að einhverjir fleiri kynnu að vera í herbergjum á sömu hæð. Spörkuðu þeir upp þremur hurðum til að kanna þetta, en enginn reyndist vera þar inni. Einnig tókst þeim síðar að komast upp á 2. hæð. Kölluðu þeir og knúðu dyr til að vekja þá sem þar kynnu að vera. Þar var einn íbúi, Brynjólfur Birgir Harðarson. Brutu lögreglumenn rúðu á útihurð í íbúð hans og fengu hann út með sér, en skömmu áður hafði hann orðið eldsins var, svo sem áður er getið. Þá fóru karl og kona ásamt barni út á svalir á íbúð sinni á 3. hæð og þaðan upp á þak hússins að austanverðu. Fóru þau eftir nokkrum húsbökum uns þau komust niður um þakglugga á húsi við Grettisgötu. Ekki urðu lögreglumennirnir varir mannaferða á þaki hússins, enda flestir við störf inni í stigaganginum og vestan megin hússins. Alexander G. Alexandersson fór austan megin við húsið, þ.e. þeim megin sem snýr út í port, og var þá körfubíll frá slökkviliði kominn þeim megin að húsinu.

Í vettvangsrannsókn Jónasar Jóns Hallssonar, sem hann hefur staðfest fyrir dóminum, segir svo um lýsingu á húsinu, brunastað og brunaskemmdum: „Barónsstígur 25 er steinsteypt hús, þrjár hæðir og niðurgrafinn kjallari. Aðalinngangur er frá Barónsstíg, en bakdyr vísa út í bakgarð, austanvert við húsið. Þegar komið er inn um þær dyr, er komið inn í lítinn gang. Á vinstri hönd eru dyr inn í herbergi (stofu), en á hægri hönd eru dyr inn í herbergi með eldunaraðstöðu. Á báðum útveggjum þessara herbergja eru gluggar sem vísa í austur. Þeir eru báðir með opnanlegum fögum. Þegar komið er úr ganginum í gegnum dyr sem eru í hinum enda hans, er komið í litla forstofu. Þar er salernisaðstaða á vinstri hönd, undir stiga í stigagangi hússins. Þvottahús er á hægri hönd, áður en gengið er upp í stigahúsið úr kjallaranum.

Lýsing á brunastað:

Eldur hefur verið laus í því herbergi þar sem eldunaraðstaðan er. Þegar komið er inn í það úr framangreindum gangi, eru skápar og eldhúsbekkur með vaski á vinstri hönd. Hurðin opnast þar upp að. Lítið skilrúm skilur þennan eldhúskrók af. Ísskápur er við norðurvegg herbergisins á móti innanganginum í það. Herbergið er um $3 \times 2\frac{1}{2}$ m að gólfleti. Rúmstæðið hefur verið meðfram austurvegg og höfðalag verið við norðurvegg. Teppir eru á gólfi. Loft og gólf ásamt veggjum eru úr steinsteypu, en útveggur klæddur með timbri.

Lýsing á brunaskemmdum:

Báðar svampdýnurnar voru brunnar, þó önnur meira yfir allan flötinn sem vísað hefur upp. Brunafarlar eru á gólfteppinu út frá staðnum sem dýnurnar höfðu verið. Veggfóður hefur verið á viðarklæðningu á útvegg, og var það brunnið. Litill eldur hefur verið í klæðningunni að sjá, en búið var að rjúfa gat á hana við slökkvistarfið. Mikill hiti hefur myndast í herberginu og valdið á því skemmdum. Í herberginu sem kallast stofa, er gólfteppi. Þar inni er skápur, sófastólar og sófaborð. Undir glugganum, meðfram austurvegg, er þriggja sæta sófi. Á gólfinu við enda sófans, næst dyrunum, er sviðinn brunablettur í gólfteppið og hjá honum hálfbrunninn sölusamningur varðandi bílaviðskipti.“

Þá verður gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna í málinu.

Ákærði hefur borið að kvöldið áður hafi hann verið að Laugavegi 51 B. Þar hitti hann Grétar Magnússon, Bjarna Sigurðsson, Sigurð Hólm Sigurðsson, Magnús Einarsson, Diönu Ósk Ármannsdóttur og Stelli Björt Guðjónsdóttur. Voru þau að skemmta sér og sátu að sumbli. Fljótlega fóru þau þaðan í kjallaráíbúð að Barónsstíg 25, en þar bjó Grétar Magnússon, og héldu þar áfram drykkju. Skömmu eftir að þangað kom var ákveðið

að fara að Yrsufelli 11 í Breiðholti. Þangað fóru þau öll nema Bjarni, sem varð eftir. Allt var í góðu lagi þar til þau komu þangað. Þá var honum borið á brýn að hann hefði stolið áfengi frá þeim hinum. Það hafi hins vegar ekki verið satt, þar sem hann átti sjálfur áfengi, en hinir ekki. Vegna þessa upphófust mikil læti, sem enduðu með, að Grétar réðst á hann. Fljótlega kyldi Magnús Einarsson hann þar sem hann sat á stól, og við það brotnuðu gleraugu hans (ákærða). Þeir Grétar og Magnús héldu áfram að sparka í hann og yfirgaf hann þá íbúðina illa til reika. Þegar hann kom út tók hann leigubifreið sem þar bar að, þar sem hann vildi komast sem fyrst í burtu. Ók leigubifreiðarstjórinn honum að Laugavegi 51 B. Þegar þangað kom ákvað hann í reiði sinni að fara í kjallaraíbúðina á Barónsstíg 25 og skemma þar eitthvað. Þegar þangað kom sá hann að allt var á tjá og tundri og lítið hægt að skemma þar. Þá var eins og þeirri hugsun slægi niður að kveikja í öllu. Næstu mínúturnar var hann eins og stjórnlaus, hann skildi ekki hvað kom yfir hann. Kveikti hann í bréfsnifsi með kveikjara og henti inn í stofu, en er hann varð þess var að Bjarni Sigurðsson svaf þar á svampdýnum inni í eldhúsi hinum megin við ganginn slökkti hann samstundis. Vakti hann Bjarna, þar sem hann vildi ekki valda mannskaða, og fékk hann með sér út bakdyra megin. Gengu þeir áleiðis að Laugavegi 51 B. Á Laugaveginum sagði hann Bjarna, að hann þyrfti að kasta af sér vatni, og hljóp sem fætur toguðu fyrir hornið á Laugavegi og Barónsstíg. Komst hann inn í húsið Barónsstígs megin, þar sem útidyr voru ólæstar. Kveikti hann nú í bréfadrasli með kveikjaranum og henti á svampdýnur þær sem Bjarni hafði áður sofið á í eldhúsinu. Þessu næst hljóp hann út í portið bakdyra megin og niður á Laugaveg og náði Bjarna áður en hann kom að Laugavegi 51 B, og urðu þeir samferða inn í húsið. Þar var hann við áfengis- og lyfjaneyslu, sofnaði og vaknaði daginn eftir. Þá um morguninn skýrði hann Valdimar Svavarssyni, húsráðanda á Laugavegi 51 B, frá því að hann hefði borið eld að íbúðinni.

Vitnið Grétar Magnússon bar á sama hátt og ákærði um ferðir þeirra umrætt kvöld. Hann kvað grun hafa beinst að ákærða vegna hvarfs á áfengisflösku og kom til handalögmála milli hans og ákærða út af því. Ákærði hefði þá farið á undan þeim hinum úr íbúðinni í Breiðholti. Hann kannaðist ekki við það, að gleraugu ákærða hefðu verið brotin, og vissi ekki til þess að fleiri hefðu lent í handalögmálum við ákærða.

Sigurður Hólm, Magnús, Hannes Þórir og Díana Ósk hafa borið á sama veg og ákærði um ferðir þeirra umrætt kvöld. Þá báru þau öll að átök hefðu orðið milli ákærða og Grétars í íbúðinni í Yrsufelli svo og að ákærði hefði farið þaðan á undan þeim hinum. Þau hefðu farið eftir miðnætti að nýju að Barónsstíg 25, en þá hefði lögreglan handtekið þau þar og brunanum verið lokið.

Reynt var að fá vitnin Dagnýju Björt (Stellu) og Valdimar Svavarsson fyrir dóminn. Dagný Björt er búsett á Seyðisfirði og Valdimar var í langferð til sjós, og sá dómariinn ekki ástæðu til að draga meðferð málsins af þeim sökum.

Bjarni Sigurðsson kveðst hafa verið með ákærða og fleira fólki við drykkju í kjallaraíbúðinni á Barónsstíg 25 umrætt kvöld. Hann hafi verið við drykkju og í sukki um alllangan tíma og muni því atburði óglögg. Hann hafi sofnað út af á dýnu á heimili Grétars. Ákærði hafi vakið sig, en þau hin þá verið uppi í Breiðholti. Hann hafi verið með sár á nefi og talað um að hann hefði verið laminn. Ákærði hafi boðið sér í „partý“ á Laugavegi 51 B. Þangað fóru þeir, en um fimm mínútum síðar fór ákærði og var ókominn þegar hann fór þaðan. Á Laugaveginum hafi ákærði verið að æsa sig yfir því að á sig hefði verið ráðist, en ákærði sagði ekki, hver það hefði gert. Bjarni kvaðst þó minnast þess, að einhverjar stimpingar hefðu orðið milli ákærða og Grétars áður en þeir fóru upp í Breiðholt.

Hólmfríður Hrönn Þórsdóttir mundi lítið eftir atvikum, þar sem hún var í mikilli óreglu um þessar mundir, en þá var hún búsett á Laugavegi 51 B. Hún minntist þess þó að ákærði hafði sagt frá því, er hann var staddur á heimili hennar þessa nótt, að hann hefði kveikt í kjallaraíbúðinni að Barónsstíg 25, en hún hefði ekki lagt trúnað á það, en farið daginn eftir ásamt fleira fólki þangað og þá séð að þar hefði verið kveikt í. Sér hefði skilist á ákærða, að hann hefði gert það vegna ósamkomulags við það fólk, sem hann var með að sukki.

David Bergmann Guðbjartsson lögregluflokksstjóri, sem starfaði við leigubílaakstur um þessar mundir, kvaðst hafa ekið ákærða umrædda nótt frá Yrsufelli 11 í Breiðholti að Laugavegi 51 B. Hann þekkti ákærða ekki í sjón, en hann hefði afhent sér nafnskírteini með mynd á nafn ákærða í lok ökuferðarinnar, þar sem hann átti ekki fyrir ökugjaldinu. Hann gat ekki fullyrt, hvað klukkan var, en taldi, að það hefði verið um eða skömmu eftir miðnætti þessa nótt. Ákærði hefði verið undir áfengisáhrifum, en þó ekki áberandi ölvaður. Hann hefði verið með áverka í andliti og talað um, að einhverjir þrír „gaurar“ hefðu barið sig. Ákærði hefði verið mjög æstur og borið heiftarhug til þeirra sem höfðu barið hann, enda hefði hann haft á orði að hann myndi koma fram á þeim hefndum.

Brynjólfur Birgir Harðarson háskólanemi bjó á 2. hæð að Barónsstíg 25 umrætt sinn. Hann kvaðst hafa komið heim um kl. 22-22.30 um kvöldið og þá orðið var við hávaða frá íbúðinni í kjallaranum. Skömmu fyrir miðnætti hefði færst yfir ró og hann þá getað lagst til náða. Hann hrökk síðan upp, þar sem hann lá milli svefns og vöku, við skruðning frá kjallaranum. Þá var komið fram yfir miðnætti. Fór hann úr rúminu og leit út um svefnherbergisluggann, en varð einskis var og fór þá fram og opnaði dyrnar

fram á stigaganginn. Fann hann reykjarlykt og sá lítils háttar reyk og taldi í fyrstu að einhver hefði gleymt pönnu á eldavél eða því um líkt. Fór hann því næst fram í stofu við hlið svefnherbergisins og leit þar út um glugga og sá þá þjarma frá kjallaranum. Fór hann og klæddi sig í buxur í svefnherberginu og síðan á ný inn í stofuna og leit þar út um glugga. Sá hann þá fólk í gluggum á bakhlið hússins við Grettisgötu. Um leið sá hann mikinn eldbjarma og reyk koma frá kjallaranum. Síðan varð hann var við að lögreglumaður braut glugga í íbúðarhurðinni hjá honum og kom inn til hans. Fór hann þá eftir fyrirmælum lögreglumanna og yfirgaf íbúðina. Var hann þá hálfklæddur og var mikill reykur í stigaganginum. Sá hann þar fleiri lögreglumenn, sem m.a. fóru upp á hæðina fyrir ofan. Hann hitti fyrir utan mann, sem bjó á neðri hæðinni, og þar með eitt barn.

Jón Ásgeir Sigurbjartsson var á efstu hæð hússins ásamt vinkonu sinni, Ester Sverrisdóttur, og sex ára barni hennar umrædda nótt. Bjó hann þar ásamt föður sínum, sem var að heiman.

Hann kvað þau hafa komið heim um kl. 23.15-23.30. Í leiðinni fór hann niður í kjallara að sækja þvott. Varð hann þá einskis var og heyrði ekki til íbúa í kjallara. Laust eftir miðnætti heyrði hann útihurð Barónsstígs megin skellt. Var hann þá genginn til náða. Örfáum mínútum síðar heyrði hann einhvern hvell og hélt að svalahurðin á íbúð sinni hefði fokið upp. Fór hann því inn í stofu til að aðgæta það, en þá sá hann eldbjarma koma frá bakhlið hússins. Hringdi hann strax á lögreglu og tilkynnti um eld í húsinu. Því næst fór hann niður fyrsta stigann í stigaganginum, en hann sá ekkert til og vissi ekki hvar eldurinn var, en reykurinn var þykkur og kolsvartur. Þegar hann var kominn niður fyrsta stigann náði hann ekki andanum og varð því frá að hverfa. Kvaðst hann vart hafa treyst sér sjálfur til að fara niður stigann eins og ástandið var, hvað þá með barnið. Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu er haft eftir Jóni Ásgeiri að hann hafi farið með barnið upp á þakið út um þakglugga. Við meðferð málsins kvað hann þetta ekki rétt, hann hefði fyrst farið út á framangreindar svalir, lyft barninu og Ester þaðan upp á þakið og farið þangað á eftir þeim. Frá svölunum upp á þak hafi verið tiltölulega auðvelt og ekki hátt að fara, þar sem þakskeggið sé það nálægt svölunum. Því hafi lítil hætta verið því samfara og mun minni hætta en að fara upp á þakið um þakglugga. Þakið hafi ekki verið bratt. Þau hafi farið eftir þakinu og komist niður um þakglugga á þaki á Grettisgötu.

Ester Sverrisdóttir var að lesa uppi í rúmi þegar hún heyrði torkennilegan hávaða. Hún og sambýlismaður hennar, Jón Ásgeir, hafi gengið til náða skömmu eftir að þau komu heim um kl. 23.00. Hélt hún í fyrstu að veður væri að versna og svalahurðin hefði skellst aftur. Hún ýtti því við Jóni Ásgeiri, sem var að sofna, og bað hann að aðgæta hvað um væri að vera.

Fór hann fram, en kom strax aftur og sagði henni, að kviknað væri í. Flýttu þau sér í föt, en Jón Ásgeir tók barnið, sem var sofandi, og reyndi hún að klæða barnið í flýti. Fyrst ætluðu þau að komast niður stigann, en þegar útidyrnar voru opnaðar var stigagangurinn fullur af kolsvörtum og þykkum reyk. Treysti hún sér á engan hátt niður stigann, hvað þá með barnið. Fóru þau út á svalir og Jón Ásgeir lyfti henni og barninu upp á þakið. Þaðan fóru þau um nokkur húsbök yfir á húsaröð við Grettisgötu. Þakið á hornhúsunum hefði verið brattara, og þar var strompur, sem erfitt var að komast fram hjá. Húsbakið þarna hefði verið mun brattara en þakið á Barónsstíg 25, og hefði Jón Ásgeir og einhver maður lyft þeim upp milli þakanna. Hún og barnið hefðu verið mjög hrædd, en þetta hefði gerst mjög snögg. Þau hefðu svo farið niður um þakglugga á húsi við Grettisgötu og komist þar inn í íbúð. Dvaldist hún þar, meðan á slökkvistarfi stóð. Að því loknu fóru þau á ný í íbúðina, en þá var ekki hægt að hafast þar við sökum reykjar og brunalyktar.

Að morgni næsta dags fór Kristján Friðþjófsson, rannsóknarlögreglu- maður tæknideildar RLR, á vettvang, og myndaði hann, en um nóttina var ekki unnt að kanna vettvang, þar sem kjallarin var ljóslaus og íbúðin því í myrkri.

Ljósmyndaði hann kjallaraíbúðina að innan og einnig tók hann eina mynd utan frá af kjallara og fyrstu hæð hússins. Engar frekari ljósmyndir voru teknar á staðnum. Þá liggur frammi í málinu teikning með grunnteikningu af kjallaranum að Barónsstíg 25, útlitsteikningu af vestur- og austurhlið hússins svo og afstöðumynd af Barónsstíg, Grettisgötu og Laugavegi. Á grunnteikninguna af kjallaranum hafa verið færð inn húsgögn þau, sem voru í íbúðinni, og sýnir afstöðumyndin, að húsið nr. 25 er í sambyggðri húsaröð og stendur milli hússins nr. 23 við Barónsstíg og hornhúss Grettisgötu og Barónsstígs. Þá eru á sömu teikningu útlitsteikningar af húsinu nr. 25 við Barónsstíg, bæði austur- og vesturhlið. Á þeim teikningum er húsið kjallari, tvær hæðir og bratt ris, en á því eru engar svalir. Undir teikningu þessa er ritað RLR, Kópavogur 29. júní 1987 og nafnið Kristján Friðþjófsson svo og stimpill tæknideildar.

Við meðferð málsins kvaðst Kristján hafa stuðst við teikningar frá borgarverkfræðingi, sem hann hefði teiknað upp eftir. Hann hefði hins vegar sjálfur mælt innanmál stofu, gangs og eldhúss í kjallaranum og fært inn húsgögn og annað það, sem fram kemur í kjallara, en að öðru leyti stuðst við teikningar borgarverkfræðings.

Í framhaldi af ofangreindum framburði aflaði dómurinn teikninga frá borgarverkfræðingi af fram- og bakhlið Barónsstígs 25. Af þeim teikningum sést að framangreind teikning tæknideildar byggist á gamalli teikningu af bakhlið hússins, en nú er húsið austan megin kjallari og þrjár hæðir,

en ekki tvær hæðir og ris. Sú breyting var gerð á húsinu um 1959 að risinu var lyft þannig að þess í stað kemur ein hæð og þakið þeim megin því með litlum halla miðað við þann halla sem áður var. Þá eru nú svalir fyrir miðju húsinu á efstu hæð, en áður voru engar svalir á húsinu.

Hinn 28. september 1987, eða tveimur og hálfum mánuði eftir brunann, ritaði Rannsóknarlögregla ríkisins Brunamálastofnun ríkisins bréf, þar sem þess var farið á leit að stofnunin tilnefndi tvo sérfræðinga til að láta uppi álit um það hvort íkveikjan að Barónsstíg 25 umrætt sinn hefði haft í för með sér almannahættu, bersýnilegan lífsháska annarra manna eða augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, sbr. ákv. 164. gr. alm. hegningarlaga.

Hinn 22. desember sama ár sendir brunamálastjóri RLR umsögn Þóris Hilmarrssonar og Guðmundar Gunnarssonar verkfræðings um brunann.

Í framangreindri umsögn, sem undirrituð er af ofangreindum sérfræðingum, segir m.a.: „Þar sem langt var liðið frá brunanum, þegar beiðnin barst um álitssgerðina, og vettvangi hefur verið spilt, byggist álitssgerðin á skýrslum og ljósmyndum frá RLR.

— — —

Niðurstaða.

Eins og að framan greinir, bjargaði fólkið á þriðju hæð sér út af eigin rammleik upp á þak, þar sem stigahúsið var orðið ófært að þess mati vegna reykjar. Þakið hefur nokkurn halla og er ekki gert til mannaferða. Lífsháskinn, sem eldurinn setti fólkið í, er því ekki einungis bundinn við hita og reyk eldsins, heldur ekki síður prilið uppi á þakinu.

Mennirnir á 1. og 2. hæð, teljum við, að hafi ekki verið í mikilli hættu, miðað við raunverulega þróun brunans. Hefði eldurinn ekki uppgötvast svo snemma sem raun ber vitni, hefðu þeir orðið að treysta á björgun með hjálp stiga slökkviliðsins þar sem stigahúsið hefði verið orðið ófært.

Miðað við brunaálag í íbúðinni og fyrirkomulag brunavarna í húsinu er augljóst að veruleg hættu hefur verið á stórfelldum eignaskemmdum í húsinu.“

Framangreindir sérfræðingar voru yfirheyrðir við meðferð málsins og staðfestu þeir framangreinda matsgerð.

Guðmundur kvað nánast enga hættu hafa verið á útbreiðslu eldsins í önnur hús umrætt sinn. Hins vegar hefðu eldvarnarveggir milli hússins nr. 25 og nálæggra húsa ekki verið kannaðir. Hann kvað þá hafa byggt álitssgerð sína á teikningum og myndum tæknideildar RLR svo og uppdráttum borgarverkfræðings. Þá hefði hann skoðað húsið að utan.

Varðandi mögulega þróun brunans mætti reikna með að í venjulegri íbúð liðu að hámarki 10-15 mín. uns eldurinn kæmist þar inn og íbúðin yrði

alelda. Þegar rætt væri um mögulega þróun brunans væri reiknað með að slökkviliðið kæmi ekki á vettvang og bruninn héldi óheftur áfram. Í þessu tilviki myndi líklega byrja að brenna út frá íkveikjunni í kjallara á efstu hæðinni, því að hitinn og reykurinn leiti upp. Hins vegar færi það mest eftir hurðunum í stigaganginum, hversu langur tími liði, frá því að eldurinn kviknaði í kjallaranum, þangað til raunveruleg hætta væri á, að kviknaði í hæðunum fyrir ofan. Hurðirnar þarna hefðu ekki uppfyllt skilyrði nügildandi ákvæða um brunavarnir.

Guðmundur kvaðst ekki hafa komist inn í húsið við vettvangsathugun sína, enda hefði það haft sáralítið að segja þar sem svo langt var liðið frá brunanum, en sérfræðingar þurfi helst að rannsaka vettvang þegar raunverulega er unnt að sjá hvernig húsið lítur út eftir brunann, bæði brunaferlana og það, sem eftir er í húsinu, svo og ýmis önnur smáatriði sem máli geta skipt. Á slíkum gögnum megi gera miklu ítarlegri matsgerð en unnt sé í þessu máli.

Þórir kvaðst ekki hafa farið á vettvang, heldur hefði það verið í verkahring Guðmundar. Síðan hefðu þeir metið saman skýrslurnar og gögnin frá RLR og teikningar borgarverkfræðings svo og niðurstöðurnar. Guðmundur hefði að lokinni ferð á vettvang lagt fyrir sig sínar niðurstöður úr þeirri ferð og þeir byggt matið saman á brunatæknilegum sjónarmiðum.

Af því, sem að framan greinir, er ljóst, að ofangreind matsgerð, sem byggist á villandi gögnum og framkvæmd er mörgum vikum eftir brunann, er miklum annmörkum háð og verður ekki lögð til grundvallar í málinu. Þrátt fyrir þessa annmarka á rannsókn málsins þykja þó ekki alveg nægilegar ástæður til að vísa því frá dómi. Dómarinn, verjandi og sækjandi gengu á vettvang fyrir munnlegan flutning málsins og var húsið ásamt nálægum húsum skoðað vestan og austan megin utan frá. Þótti því á þessu stigi málsins, úr því sem komið var, ekki ástæða til að ljósmynda vettvang utan frá og nálæg hús.

Ber að átelja harðlega framangreind vinnubrögð Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu, er sannað að hann hafi lagt eld að tveimur svampdýnum í eldhúsi í kjallara íbúðarhússins Barónsstígs 25 skömmu eftir miðnætti 13. maí sl. Skömmu áður hafði ákærði farið í heimildarleysi inn í íbúðina í sömu erindagjörðum. Kveikti hann þá í bréfsnifsi og lagði eld að stofu, en slökkti nær samstundis, þegar hann varð þess var að félagi hans lá sofandi í eldhúsinu. Vakti hann félagann og fékk með sér út, en þegar þeir

voru gengnir smáspöl frá húsinu kvaðst ákærði þurfa að bregða sér frá og fór inn í íbúðina í fyrrgreindum tilgangi. Ákærði sat fyrr um kvöldið að sumbli ásamt fleira fólki, fyrst í kjallaranum á Barónsstíg 25, en síðar um kvöldið í fjölbýlishúsi í Breiðholti. Þar lenti hann í ryskingum við húsráðanda á Barónsstíg 25 sem bar honum á brýn að hann hefði stolið áfengisflösku. Ákærði var mjög reiður og sár vegna þessa áburðar og flýtti sér á brott. Tók hann leigubifreið að Laugavegi 51 B. Eftir skamma viðdvöl þar ákvað hann að fara að Barónsstíg 25 og reyna að skemma þar eitthvað í kjallaraíbúðinni til að hefna sín á húsráðanda þar. Þar var allt á tjá og tundri og sló þá þeirri hugsun niður hjá honum að kveikja í öllu. Verður að leggja þennan framburð ákærða til grundvallar og telja að á þeirri stundu hafi myndast sá ásetningur hans að leggja eld að íbúðinni.

Ákærða hlaut að vera ljóst að með því að leggja eld að íbúð í íbúðarhúsi á þeim tíma sólarhrings, sem gera má ráð fyrir sofandi fólki, stefndi hann mannlífum í bráða lífshættu auk þess sem veruleg hættu var á yfirgripsmiklu eignatjóni, en húsið, sem er kjallari og þrjár hæðir, er sambyggt öðrum íbúðarhúsum.

Ljóst er að í húsinu voru fjórir fullorðnir íbúar auk sex ára barns. Komust þeir út við illan leik, þar sem mikill reykur myndaðist nær samtundis í stigagangi hússins, sem var eina útgönguleiðin. Áttu lögreglumenn, sem komu örskömmu eftir eldsupptök á vettvang, erfitt með störf á vettvangi sökum reykjarins í stigaganginum. Tveir íbúar á efstu hæð með sex ára barn tóku það ráð að fara upp á þak hússins frá einu svölunum á húsinu á 3. hæð, þar sem reykurinn var orðinn svo mikill efst í stigaganginum, er þau hugðust fara þar niður, að þau töldu niðurleið ógjörlega. Komust þau greiðlega upp á þakið sem er vel manngengt á þeirri hlið. Hins vegar urðu þau að fara yfir nokkur húspök uns þeim tókst samkvæmt ábendingu að fara niður um þakglugga á húsi við Grettisgötu. Þök þeirra húsa voru mun brattari og stórhættuleg til mannaferða. Eins og rannsókn sérfræðinga Brunamálastofnunar ríkisins er háttað, þykir leika vafi á að hætta hafi verið á útbreiðslu eldsins í næstu hús, þrátt fyrir líkur á að svo hafi verið, þar sem um samfellda húsaröð var að ræða. Verður ákærði látinn njóta góðs af þeim vafa, þannig að ósannað telst að um slíka útbreiðsluhættu hafi verið að ræða.

Varðar verknaður ákærða við 1. mgr., sbr. 2. mgr., 164. gr. almennra hegningarlaga. Þykja refsimildunarástæður 74. og 75. gr. ekki koma hér til álita.

Ákærði er að mati dómsins sakhæfur, sbr. og geðheilbrigðisrannsókn þá sem hann sætti við meðferð málsins.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var ákæru frestað skb. í tvö ár á hendur honum fyrir þjófnað árið 1982. Á árinu 1983 sætti hann tvívegis

dómsátt, annars vegar fyrir brot gegn 257. gr. alm. hegningarlaga, en hins vegar fyrir umferðarlagabrot. Þá hefur hann hlotið þessa refsídóma:

1984 2/4 60 daga varðhald skb. í 2 ár auk sektar og ökuleyfissviptingar vegna nytjastuldar og umfl-brots.

1984 1/10 3 mánaða varðhald auk ökuleyfissviptingar vegna nytjastuldar og umfl-brots.

1985 30/12 3 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað. Hegningarauki.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma gæsluvarðhaldsvist hans frá 14. maí 1987 kl. 16.00 til 20. sama mánaðar kl. 16.30, samtals 7 dagar.

Skaðabótakrafa Húsatrygginga Reykjavíkurborgar, að fjárhæð kr. 330.500,00, er byggð á mati dómkvaddra matsmanna. Ljóst er af bréfi Húsatrygginga Reykjavíkurborgar, sem lagt var fram í dóminum 16. mars sl., að greiðsla á kr. 330.500,00 hefur verið innt af hendi. Þá kemur fram í bréfinu að eigandi eignarinnar sé Karl Hallbjörnsson. Þrátt fyrir það að ekki sé getið berum orðum í bréfinu hvert greiðslur þessar hafi runnið, þykir ekki vafi liggja á því að þær hafi runnið til eigandans, sem sérstaklega er getið í bréfinu sem fyrr segir. Verður þessi annmarki á fyrrgreindri kröfu ekki talinn varða frávisun. Þar sem ákærði hefur hvorki mótmælt upphæð kröfunnar né sundurliðun verður hún tekin til greina að fullu og ákærði dæmdur til greiðslu hennar.

Þá er ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Ingvars Björnssonar héraðsdómslögmanns, 75.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnlaugur Jón Ólafur Magnússon, sæti fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans, samtals 7 dagar.

Ákærði greiði Húsatryggingum Reykjavíkurborgar 330.500,00 krónur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 75.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Ingvars Björnssonar héraðsdómslögmanns, 75.000,00 krónur.